



FUNDARGERÐ
1. fundur Húsakynna bs
haldinn á Laugalandi , 22. ágúst 2018
og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Hjalti Tómasson formaður, Steindór Tómasson aðalmaður, Brynja Jóna Jónasdóttir aðalmaður, Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri, Valtýr Valtýrsson sveitarstjóri og Heimir Hafsteinsson embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Einnig sat fundinn Klara Viðarsdóttir. Í upphafi fundar var farið í vettvangsferð um húsnaðið á Laugalandi undir leiðsögn Heimis Hafsteinssonar og helstu viðhaldsframkvæmdir skoðaðar.

Dagskrá:

1. Verkaskipting og fyrirkomulag í samræmi við samþykktir - 1808020

Í upphafi fundar var farið yfir samþykktir byggðasamlagsins en þar kemur m.a. fram að stjórn skuli skipta með sér verkum. Tillaga kom fram um að Hjalti Tómasson verði formaður og var það samþykkt samhljóða. Þá var einnig farið yfir gildandi þjónustusamning milli Húsakynna bs og Rangárþings ytra.

2. Rekstraryfirlit 20082018 - 1808019

Yfirlit um stöðu rekstrar

KV fór yfir rekstur byggðasamlagsins fyrir tímabilið jan-júli 2018.

3. Framkvæmdaáætlun 2018 - 1801031

Yfirferða á stöðu framkvæmda ársins.

HH kynnti stöðu framkvæmda hvað varðar viðhald og endurbætur á eignum á Laugalandi.

4. Eignir í umsjá Húsakynna bs - 1601012

Aðstaða í Þóristungum

Málefni Þóristungna kynnt. Lagt fram ástandsmat á hesthúsi í Þóristungum og viðhaldsþörf. Einnig lagt fram mat á viðhaldskostnaði. Málinu vísað til Ásahrepps sem hefur umsjón með fasteignum á Holtamannafrétti skv. þjónustusamningi milli Ásahrepps og Rangárþings ytra frá desember 2015.

5. Endurskoðun á rekstri Húsakynna bs. - 1801003

Upplýsingar og eftirfylgni við ákvarðanir um endurskoðun á rekstri byggðasamlagsins.

Farið yfir stöðu mála. Sveitarstjórar hvattir til að ganga frá öllum formsatriðum sem allra fyrst.

Fundargerðin yfirlesin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15.

Hjalti Tómasson

Steindór Tómasson

Brynja Jóna Jónasdóttir

Ágúst Sigurðsson

Valtýr Valtýrsson

Heimir Hafsteinnsson
